

**REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 48/2004****2007/EES/9/22****frá 5. desember 2003****um árlega hagskýrslugerð Bandalagsins um stáliðnaðinn fyrir viðmiðunarárin 2003-2009 (\*)**

EVROPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFNA,  
með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum  
1. mgr. 285. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar <sup>(1)</sup>,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar  
Evrópubandalaganna <sup>(2)</sup>,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í  
251. gr. sáttmálans <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Hagskýrslur um stáliðnaðinn byggðust á stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu (ECSC) sem leið undir lok 23. júlí 2002.
- 2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1840/2002 <sup>(4)</sup> frá 30. september 2002 var samþykkt til að tryggja að hagskýrslukerfi Kola- og stálbandalags Evrópu (ECSC) um stál yrði framlengt til 31. desember 2002 þegar sáttmáli Kola- og stálbandalags Evrópu fellur úr gildi.
- 3) Nauðsynlegt er að halda áfram að safna hagtölum um stáliðnaðinn til að geta framkvæmt stefnu Bandalagsins varðandi stáliðnaðinn í framtíðinni. Ekkert annað hagskýrslukerfi er til á vettvangi Bandalagsins sem getur uppfyllt þörfina fyrir slíkar hagskýrslur. Þess vegna er þörf á nýrri reglugerð á grundvelli sáttmála Evrópubandalagsins um söfnun á hagtölum Bandalagsins um stáliðnaðinn.
- 4) Í reglugerð ráðsins (EB) nr. 322/97 frá 17. febrúar 1997 um hagskýrslur Bandalagsins <sup>(5)</sup> er settur viðmiðunarrámi um ákvæði þessarar reglugerðar.
- 5) Þörf er á aðlögunaráfanga á tímabilinu frá 2003 til 2009 til að ákvarða hvort hægt sé að fella hagskýrslur um stál inn í önnur hagskýrslukerfi.
- 6) Fyrirtæki í stáliðnaðinum þarfnast alþjóðlegra upplýsinga um fjárfestingar og afkastagetu til að geta metið hugsanlega van- eða umframafkastagetu í framtíðinni í tilteknum flokkum stálframleiðslu. Hagskýrslur Bandalagsins um fjárfestingu og afköst

verða hluti af hnattrænu netkerfi upplýsinga um stálframleiðslugetu heimsins, sem var komið á fót á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).

- 7) Hagtölur um orkunotkun í stáliðnaðinum veita ekki aðeins upplýsingar um orkunotkun og framleiðslu innan stáliðnaðarinnar heldur einnig um losun mengandi efna.
- 8) Þörf er á hagskýrslum um birgðir brotamálms úr járn og stáli til að unnt sé að fylgjast með notkun þessa mikilvæga hráefnis í stálvinnslu.
- 9) Ráðstafanirnar, sem eru nauðsynlegar vegna framkvæmdar þessarar reglugerðar, ber að samþykkja í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(6)</sup>.
- 10) Samráð hefur verið haft við hagskýrsluáætlunarnefndina í samræmi við 3. gr. ákvörðunar ráðsins 89/382/EBE, KBE <sup>(7)</sup>.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

### Markmið

Markmiðið með þessari reglugerð er að setja sameiginlegan ramma um kerfisbundna gerð hagskýrslna Bandalagsins um stáliðnaðinn á viðmiðunarárunum 2003 til 2009.

*2. gr.*

### Skilgreiningar

Í þessari reglugerð hafa hugtökin „hagskýrslur Bandalagsins“ og „gerð hagskýrslna“ sömu merkingu og í reglugerð (EB) nr. 322/97.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 7, 13.1.2004, bls. 1. Hentar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 86/2004 frá 4. júní 2004 um breytingu á XXI. viðauka (Hagskýrslugerð) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 59, 25.11.2004, bls. 21.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 45 E, 25.2.2003, bls. 154.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 133, 6.6.2003, bls. 88.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 13. maí 2003 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 17. nóvember 2003.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 279, 17.10.2002, bls. 1.

<sup>(5)</sup> Stjtið. EB L 52, 22.2.1997, bls. 1.

<sup>(6)</sup> Stjtið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

<sup>(7)</sup> Stjtið. EB L 181, 28.6.1989, bls. 47.

## 3. gr.

**Gildissvið**

Þessi reglugerð tekur til gagna um stáliðnaðinn, sem eru skilgreind sem flokkur 27.1 í atvinnugreinaflokkun Evrópubandalagsins (NACE, 1. endursk.), sem var innleidd með reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3037/90 <sup>(1)</sup>.

Ef vinnsluvirði á þáttaverði fyrirtækja í stáliðnaði aðildarríkis er innan við 1% af heildarvinnsluvirði í Bandalaginu þarf ekki að safna gögnum um þau könnunatriði.

## 4. gr.

**Könnunatriði**

Gögn sem eru afhent, sem skulu vera í samræmi við það snið sem er sett fram í viðaukanum, skulu tengjast könnunatriðum rekstrareininga, eins og skilgreint er í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 696/93 frá 15. mars 1993 um hagskýrslueiningar fyrir athugun og greiningu á framleiðslukerfi Bandalagsins <sup>(2)</sup>, og fyrirtækjum sem hafa 50 eða fleiri starfsmenn.

## 5. gr.

**Tímaviðmiðanir og tímabil**

Aðildarríkin skulu árlega taka saman gögnin sem eru tilgreind í viðaukanum, í fyrsta skipti fyrir árið 2003 og fyrir hvert ár eftir það fram til ársins 2009.

## 6. gr.

**Afhending gagna**

1. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni (Hagstofu Evrópubandalaganna) gögn og lýsigögn um stáliðnaðinn sem eru tekin saman um einingarnar sem um getur í 4. gr. Meðal annars skal afhenda trúnaðargögn í samræmi við gildandi ákvæði Bandalagsins um afhendingu gagna sem eru háð trúnaðarkvöðum.

2. Aðildarríkin skulu afhenda gögnin og lýsigögnin á rafrænu formi. Afhendingin skal vera í samræmi við viðeigandi staðal um gagnaskipti sem er samþykktur í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr. Hagstofa Evrópubandalaganna skal koma á framfæri ítarlegum upplýsingum varðandi samþykka staðla og veita leiðbeiningar um hvernig skuli beita þessum stöðlum samkvæmt kröfum þessarar reglugerðar.

3. Aðildarríkin skulu afhenda gögn og lýsigögn innan sex mánaða frá lokum viðmiðunarársins. Framkvæmdastjórnin getur þó, í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr., lengt þetta tímabil í 12 mánuði við fyrstu afhendingu þeirra aðildarríkja sem eiga í erfiðleikum með framkvæmd reglugerðarinnar.

## 7. gr.

**Framkvæmdarráðstafanir**

Eftirfarandi ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu ákveðnar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 8. gr.:

- allar breytingar á skránni yfir könnunatriði, að því tilskildu að engar verulegar byrðar séu lagðar aukalega á aðildarríkin,
- með hvaða sniði afhending skuli vera og fyrsta afhendingartímabilið.

## 8. gr.

**Málsmeðferð**

- Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar hagskýrslu-áætlunarnefndar sem komið var á fót með 1. gr. ákvörðunar 89/382/EBE, KBE.
- Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. og 7. gr. ákvörðunar 1999/468/EB með hliðsjón af ákvæðum 8. gr. hennar.

Tímabilið, sem um getur í 6. mgr. 5. gr. ákvörðunar 1999/468/EB, skal vera þrjú mánuðir.

- Nefndin setur sér starfsreglu.

## 9. gr.

**Skýrslur.**

Framkvæmdastjórnin skal, innan fimm ára frá gildistöku þessarar reglugerðar, leggja skýrslu um framkvæmd hennar fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Skýrslan skal m.a. fela í sér:

- mat á þeim ávinningi sem Bandalagið, aðildarríkin og veitendur og notendur tölfraðilegra upplýsinga hafa af gerð hagskýrslna, miðað við kostnað,
- mat á gæðum þeirra hagskýrslna sem eru gerðar,
- staðfestingu á samvirkni við aðra starfsemi Bandalagsins,
- tillögur um hvers konar breytingar sem eru nauðsynlegar til að bæta beitingu þessarar reglugerðar.

## 10. gr.

**Gildistaka**

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 293, 24.10.1990, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1882/2003 (Stjtið. EB L 284, 31.10.2003, bls. 1).

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 76, 30.3.1993, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1882/2003.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 5. desember 2003.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

P. COX

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

P. LUNARDI

*forseti.*

—

## VIDAUKI

GÖGN, SEM UM GETUR Í 4., 5. OG 6. GR., SEM Á AÐ AFHENDA TIL HAGSTOFU  
EVROPUBANDALAGANNA

## 1. Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð brotamálms úr stáli og steypujárni

(Eining: tonn)

Kóði	Heiti
	Reikningsjöfnuður brotamálms úr stáli og steypujárni
1010	Birgðir á fyrsta degi ársins
1020	Birgðir sem verða til við eigin starfsemi
1030	Birgðaaukning (1031+1032+1033)
1031	— í heimalandinu
1032	— frá öðrum aðildarríkjum Bandalagsins
1033	— frá þriðju löndum
1040	Samanlagt (1010+1020+1030)
1050	Notkun samtals ...
1051	... þar af rafmagnsofnar
1052	... þar af ryðfrír brotamálmur
1060	Afhendingar
1070	Birgðir á síðasta degi ársins (1040-1050-1060)

## 2. Eldsneytis- og orkunotkun og reikningsjöfnuður raforku í stáliðnaðinum

A-hluti Árlegar hagskýrslur um notkun eldsneytis og orku, sundurliðað eftir tegundum verkstöðva (\*)

(Eining: tonn eða gigajúl (GJ))

Kóði	Heiti	Athugasemd
	Eldsneyti og orkunotkun	
2010	Fast eldsneyti (2011+2012)	tonn
2011	Koks	tonn
2012	Annað eldsneyti í föstu formi	tonn
2020	Fljótandi eldsneyti	tonn
2030	Gas (2031+2032+2033+2034)	GJ
2031	Háofnagas	GJ
2032	Koksofnagas	GJ
2033	Málmbraðsluofnagas	GJ
2034	Annað gas	GJ
2040	Afhending á háofnagasi til annarra	GJ
2050	Afhending á gasi fyrir málmbraðsluofna til annarra	GJ

(\*) Hleðslublöndunarstöð: Völsunarstöðvar  
Háofnar og rafknúnir járnbræðsluofnar: Raforkuver  
Málmbraðsla: Aðrar stöðvar

## B-hluti Árlegar hagskýrslur um reikningsjöfnuð raforku í stáliðnaðinum

*(Eining: MWh)*

Kóði	Heiti
	Reikningsjöfnuður raforku í stáliðnaðinum
3100	Tilföng (3101+3102)
3101	Verg framleiðsla
3102	Birgðir frá öðrum stöðvum
3200	Notað (1031+1032+1033)
3210	Notkun eftir starfsstöðvum (3211+3212+3213+3214+3215+3216+3217)
3211	Glæðingarverksmiðjur og hleðslublöndunarstöðvar
3212	Háofnar og rafknúnir járnbræðsluofnar:
3213	Rafknúnar bræðslustöðvar og stöðug málmsteypa
3214	Aðrar bræðslustöðvar og stöðug málmsteypa
3215	Völsunarstöðvar
3216	Raforkuver
3217	Aðrar stöðvar
3220	Afhending til annarra stöðva
3230	Rýrnun

## 3. Rannsókn á fjárfestingum í járn- og stáliðnaðinum (kostnaður og afkastageta)

## A-hluti Árlegar hagskýrslur um kostnað

*(Eining: milljónir evra)*

Kóði	Heiti
	Fjárfestingarkostnaður í járn- og stáliðnaði
4010	Koksvinnslustöð
4020	Hleðslublöndunarstöð:
4030	Stöð fyrir framleiðslu á járn og járnblendi (þ.m.t. háofnar)
4040	Stálbræðsla:
4041	... þar af rafknúin
4050	Stöðug málmsteypa
4060	Völsunarstöðvar (4061+4062+4063+4064)
4061	Flatar vörur
4062	Langar vörur
4063	Kaldvölsun fyrir breiðbönd
4064	Húðunarbúnaður
4070	Aðrar stöðvar
4100	Samanlagt (4010+4020+4030+4040+4050+4060+4070)
4200	... þar af til að vinna gegn mengun

## B-hluti Árlegar hagskýrslur um afkastagetu

*(Eining: milljónir evra)*

Kóði	Heiti
	Hámarksframleiðsla í járn- og stáliðnaðinum (afkastageta)
5010	Koks
5020	Hleðslublanda
5030	Steypujárn og járnblendi
5040	Hrástál
5041	— þar af rafknúin
5042	— þar af stöðug málmsteypa
5050	Vörur sem eru framleiddar beint með hitavölsun (5051+5052)
5051	Flatar vörur
5052	Langar vörur
5060	Vörur sem eru framleiddar úr hitavölsuðum vörum (þó ekki húðaðar vörur)
5061	... þar af vörur sem eru framleiddar með kaldvölsun
5070	Húðaðar vörur